



Þingborg, 5. september 2023

Tilvísun: Mál nr. 119/2023

## Efni: Umsögn Flóahrepps til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu á Íslandi.

Sveitarstjórn tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga og gerir að sinni. Einnig tekur sveitarstjórn undir umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 16.08.2023 (málsnr: M202308-0067). Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er greinargóð lýsing og greining á stöðu sveitarfélaga sem hafa mikið af orkumannvirkjum innan síns umdæmis.

### Flóahreppur leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Mikilvægt er að nærsamfélagið, þ.e. sveitarfélögin og landeigendur, njóti ávinnings vegna nýtingu orkuauðlinda í sveitarfélaginu og að tekið verði tillit til orkumannvirkja og flutningslína við endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu. Öll orkumannvirki verði metin til fasteignamats og sveitarfélögin fái fasteignaskatt af þeim.

Afnema þarf undanþágur frá skattgreiðslum orkufyrirtækja til sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir að enginn fulltrúi nærsamfélagsins (sveitarfélaganna) eigi sæti í starfshópnum og hvetur til þess að úr því verði bætt.

Störf verði til á landsbyggðinni þar sem orkuvinnsla á sér stað þannig að útsvar verði eftir innan sveitarfélaganna þar sem orkuvinnslan fer fram.

Jafna þarf kostnað við dreifingu rafmagns þannig að dreifbýlið greiði ekki hærri gjöld af flutningi raforku en þéttbýlissvæðin. Fella þarf út heimild í lögum sem leyfir sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu rafmagns um allt land þannig að notendur sitji við sama borð þegar kemur að kostnaði við dreifingu rafmagns sama hvað þeir búa.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn Flóahrepps á 286. fundi dags. 05.09.2023

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps

  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri